



**Velferðar- og mannréttindaráð  
Björg Baldursdóttir, formaður**

**Kópavogi, 7. apríl 2026  
26022701/005.05**

**Efni: Minnisblað vegna fyrirspurnar um verklag vegna vistunar barna.**

Á 15. fundi velferðar- og mannréttindaráðs dags. 9.3.2026 var eftirfarandi mál tekið fyrir:

**26022701 - Sigurbjörg Erla Egilsdóttir aðalmaður Pírata í velferðar- og mannréttindaráði  
leggur fram fyrirspurn um verklag vegna vistunar barna**

*Í ljósi nýlegrar umfjöllunar um alvarlega annmarka á verklagi og eftirliti með vistun barna á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga óskar undirrituð eftir minnisblaði með svörum við eftirfarandi spurningum:*

- 1. Hver er ferillinn þegar ábending eða vísbending berst um að aðbúnaði barna í vistun á vegum Kópavogsbæjar sé ábótavant t.d. frá barni, foreldri eða skóla?*
- 2. Hvaða ráðstafanir eru gerðar varðandi vistun barnsins á meðan mál er rannsakað?*
- 3. Hvaða kröfur eru gerðar um eftirlit á vettvangi, til dæmis óboðaðar heimsóknir og viðtöl við barn án viðveru vistforeldra?*
- 4. Hvernig er tryggt að upplýsingar um áhyggjur, ábendingar og niðurstöður athugana vegna vistunar barns berist milli viðeigandi stofnana og sveitarfélaga, þannig að mál falli ekki milli kerfa?*
- 5. Hvaða stuðningur stendur fyrrum skjólstæðingum Kópavogsbæjar, bæði börnum og foreldrum þeirra, til boða í dag og hvernig er tryggt að hann sé aðgengilegur?*

Á fundinum var bókað: Velferðar- og mannréttindaráð vísar fyrirspurninni til sviðsstjóra velferðarsviðs til úrvinnslu.

Hér er lagt fram minnisblað sem svarar þeim spurningum sem settar voru fram með fyrirspurninni.

**1. Hver er ferillinn þegar ábending eða vísbending berst um að aðbúnaði barna í vistun á vegum Kópavogsbæjar sé ábótavant t.d. frá barni, foreldri eða skóla?**

Unnið er skv. stöðlum Barna- og fjölskyldustofu er varða skilvirkt eftirlit með aðbúnaði og líðan barna í fóstri.

Þegar ábending berst um að aðbúnaður barns sem vistaður er á vegum Kópavogsbæjar er ábótavant ber starfsmanni málsins að bregðast við á tafarlausan og skilvirkan hátt. Felur það m.a. í sér viðtal við barn í skóla/leikskóla, samtal við skóla barnsins þar sem upplýsinga er aflað og með heimsókn á fósturheimilið.

Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er barnaverndarþjónustu skylt að kanna málið tafarlaust þegar tilkynningar berast er varða aðstæður barns hjá fósturforeldri og grípa til viðeigandi ráðstafana.



## 2. Hvaða ráðstafanir eru gerðar varðandi vistun barnsins á meðan mál er rannsakað?

Ráðstafanir byggjast á eðli og alvarleika tilkynningarinnar. Ef rökstuddur grunur er um að barn hafi verið beitt ofbeldi eða bráða hættu má leiða líkur að því að barnið yrði fjarlæggt af fósturheimilinu og vistað tímabundið á vistheimili barnaverndarþjónustu meðan málið væri kannað betur. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir barnið ef farið er í fósturrof án þess að mál hafi verið fyllilega kannað. Oft á tíðum hafa þessi börn sem vistuð eru utan heimilis lítið bakland og því að litlu að hverfa til baka ef fjarlægja þarf barnið úr aðstæðum.

## 3. Hvaða kröfur eru gerðar um eftirlit á vettvangi, til dæmis óboðaðar heimsóknir og viðtöl við barn án viðveru vistforeldra?

Barnaverndarþjónusta skal heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það skv. 2. mgr. 89. gr. b. barnaverndarlaga.

Eftirlitsheimsóknir sem farnar eru á fósturheimili eru alla jafna boðaðar heimsóknir. Ef tilkynning myndi berast um að vistforeldrar/fósturforeldrar hafi beitt barn ofbeldi væri rætt við barnið í skóla/leikskóla án þess að upplýsa fósturforeldra um það áður en viðtal færi fram. Er það verklag viðhaft í málum þar sem grunur leikur um ofbeldi af hálfu foreldra og gildir það sama þegar kemur að börnum sem vistuð eru utan heimilis. Í reglubundnum eftirlitsheimsóknum skal ávallt ræða við barn einslega án viðveru vistforeldra.

Mál þar sem grunur er um ofbeldi eða vanrækslu inn á fósturheimili er síðan unnið alveg eins og mál þar sem grunur er um ofbeldi eða vanrækslu barns af hálfu foreldri.

## 4. Hvernig er tryggt að upplýsingar um áhyggjur, ábendingar og niðurstöður athugana vegna vistunar barns berist milli viðeigandi stofnana og sveitarfélaga, þannig að mál falli ekki milli kerfa?

Fái barnaverndarþjónusta upplýsingar um aðstæður á vistheimili séu ekki viðunandi er það tilkynnt til Barna- og fjölskyldustofu, sem heldur skrá um fósturforeldra sem hafa leyfi og veita barnaverndarþjónustu ábendingar um fósturheimili, og Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, sem tekur ákvörðun um leyfisveitingu og veitir leyfi.

Mál barna sem vistuð eru utan heimilis eiga að vera í samþættri þjónustu. Nú stendur yfir sú vinna að koma málum allra barna sem vistuð eru utan heimilis á vegum barnaverndarþjónustu Kópavogs í samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sbr. lög 86/2021. Með því móti verður betur tryggt að upplýsingar, áhyggjur og niðurstöður athugana falli ekki á milli kerfa.

## 5. Hvaða stuðningur stendur fyrrum skjólstæðingum Kópavogsbæjar, bæði börnum og foreldrum þeirra, til boða í dag og hvernig er tryggt að hann sé aðgengilegur?

Ekki hefur enn verið formlega mótað hvernig stuðningi við skjólstæðinga (börnum sem vistuð voru utan heimilis og foreldrum þeirra) verði háttað. Leiti fyrrum skjólstæðingar til velferðarsviðs er þeim boðið viðtal þar sem rætt yrði um möguleg stuðningsúrræði, sem fyrir fullorðna myndi koma frá almennu félagsþjónustunni.

Virðingarfyllt,

Dagbjört Rún Guðmundsdóttir

Skrifstofustjóri Barnaverndarþjónustu Kópavogs